



Fundargerð

9. fundur Velferðarráðs Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, þriðjudaginn 11. nóvember 2025, kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Ráðsmenn:

Bergur Sigfússon, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson, Jón Geir Ólafsson, Auður Eypórsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Anna Magdalena Buda.

Embættismenn og áheyrnarfulltrúar:

Elísabet Gunnarsdóttir, Stefán Guðjónsson, Svavar Sigurðsson, Dóra Esther Einarsdóttir, Halldóra St Kristjónsdóttir, Sólrún Ósk Jónsdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson.

Bergur Sigfússon, formaður bauð fundarmenn velkomna og bauð nýja starfsmenn velkomna til starfa. Formaður setti fundinn klukkan 14:03.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2509017 - Mennta- og barnamálaráðuneytið

Lagt fram bréf, dagsett 26. september 2025 frá sveitarstjóra fyrir hönd sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Með bréfi sveitarstjóra fylgir bréf Mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna frumkvæðisúttektar á Kirkjubæjarskóla sem sveitarstjórn vísar til Velferðarráðs.

Formaður og skólastjóri gerðu grein fyrir málinu. Unnið er að úrbótaáætlun að ósk Mennta- og barnamálaráðuneytisins í samvinnu við Félags- og skólaþjónustu Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Hefur þegar verið unnið eftir þeim ábendingum sem komu fram í frumkvæðisúttektinni.

Fulltrúar XD og óháðra leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar XD og óháðra, telja frumkvæðisúttekt Mennta- og barnamálaráðuneytisins á Kirkjubæjarskóla á Síðu staðfesta það sem ítrekað hefur verið bent á af minnihluta hvort sem er í sveitarstjórn eða hér í Velferðarráði, að undirbúningur og framkvæmd sameiningar skólanna sumarið 2024 hafi verið ómarkviss, illa tímasett og skort skipulag, samráð og forystu. Skýrslan dregur fram alvarlegar vísbendingar um óskýra ábyrgð, veik samskipti milli stjórnenda og starfsfólks, og vöntun á stuðningi við nemendur og foreldra.

Þetta er áfellingisdómur yfir þeirri málsmeðferð sem meirihlutinn valdi að fylgja, þrátt fyrir að hafa fengið ítrekuð viðvörðunarorð um að ferlið væri ekki nægilega undirbúið.

Við leggjum áherslu á að sveitarstjórn og Velferðarráð taki niðurstöður úttektarinnar alvarlega og vinni tafarlaust að úrbótum í samræmi við ábendingar ráðuneytisins.

AMB ASJ
HCO KE Shi.
22 BSS
BS



Sérstaklega þarf að tryggja að Velferðarráð komi að málum þar sem bent er á vanrækslu eða brot á verklagi tengdu velferð og stuðningi barna og starfsfólks. Minnihlutinn er tilbúinn núna jafnt og sem áður að leggja sitt af mörkum til að styrkja skólastarfið og standa með núverandi stjórnendum, nemendum og foreldrasamfélaginu í uppbyggingarstarfi, hvetur minnihlutinn nú meirihlutann að sýna nú skýran vilja til samvinnu og boða til sameiginlegs vinnufundar um málefni grunn- og leikskólans.

2. 2408005 - Uppskeruhátíð Skaftárhrepps

Formaður greinir frá Uppskeru- og þakkarhátíð í Skaftárhreppi sem haldin var dagana 16. - 19. október 2025.

Formaður gerði grein fyrir málinu. Uppskeru- og þakkarhátíðin var afar vel sótt í alla staði. Kostnaður í kringum hátíðina var um 2,4 milljónir en áætlun gerði ráð fyrir allt að 4,3 milljónum. Velferðarráð vill þakka öllum þeim sem gerðu þessa hátíð að veruleika.

3. 2505014 - 17. júní 2025

Formaður gerði grein fyrir málinu. Hátíðarhöld vegna 17. júní gengu mjög vel, kostnaður við hátíðarhöldin voru rétt um 670 þúsund.

4. 2511006 - Kosning um nafn á sameinuðum skóla

Skólastjóri gerði grein fyrir málinu. Um 700 atkvæði bárust, þau fjögur nöfn sem flest atkvæði fengu voru: Kirkjubæjarskóli, Kirkjubæjarskóli á Síðu, Klausturheimar leik- og grunnskólinn Kirkjubæjarklaustri og Skaftárskóli. Velferðarráð samþykkir að kosning á milli Kirkjubæjarskóla, Kirkjubæjarskóla á Síðu, Klausturheima leik- og grunnskóla Kirkjubæjarklaustri og Skaftárskóla. Kosning mun fara fram í gegnum island.is og munu aðeins íbúar Skaftárhrepps geta tekið þátt í þessum kosningum. Að auki munu nemendur í grunnskólanum kjósa um nafn. Stefnt er að kosning fari fram síðar í nóvembermánuði.

5. 2408006 - Málefni Héraðsbókasafns Skaftárhrepps, leik- og grunnskóla Skaftárhrepps

Elisabet Gunnarsdóttir, skólastjóri og Dóra Esther Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri gerðu grein fyrir málinu. Héraðsbókasafn: Björk Ingimundardóttir, hefur látið af störfum við Héraðsbókasafnið og þakkar Velferðarráð henni fyrir vel unnin störf. Við starfinu hefur tekið Þórgunnur María Guðgeirsdóttir. Hún heldur utan um starfsemi safnsins og sinnir einnig safnakennslu fyrir nemendur grunnskóla. Opnunartími er mánudaga til fimmtudaga 08:00-12:00. Miðvikudaga er lengri opnun frá 16:30-19:00. Viðburðir á safninu: Hugleiðsla alla fimmtudagsmorgna 07:20-07:45, Handavinnu kvöld annan hvern miðvikudag 19:30-21:30, Krílastund fimmtudaga 10:50-11:50, Spjallborð opið á opnunartíma safnsins. Rétt er að taka fram að bókasafnið er opið frá klukkan 8:00 sérstaklega fyrir grunnskólabörn áður en hefðbundið skólastarf hefst og fer Þórgunnur María á þriðjudögum að Klausturhólum með bækur handa íbúum þar, til kynningar og útláns.

AMB

JCO

sh

KÉ

BS



Skólaárið 2025-2026 eru 51 nemandi skráður við grunnskóladeild og 28 við leikskóladeild.

Nemendur raðast þannig:

1. bekkur 9 nemendur, umsjónarkennari Arna Guðbjörg Matthíasdóttir.
2. bekkur 6 nemendur, 3. bekkur 6 nemendur. Samkennsla er hjá 2. og 3. bekk og er umsjónarkennari Þorbjörg Erla Jensdóttir, 4. bekkur 9 nemendur, umsjónarkennari er María Ösp Árnadóttir, 5. bekkur 3 nemendur, 6. bekkur 4 nemendur, 7. bekkur 5 nemendur. Samkennsla er hjá 5. 6. og 7. bekk umsjónarkennari er Erla Þórey Ólafsdóttir. 8. bekkur 5 nemendur, 9. bekkur 4 nemendur, samkennsla er hjá 8. og 9. bekk umsjónarkennari er Sigríður Vigdís Þórðardóttir.

Starfsmenn grunnskóladeildar eru 15, 2 stuðningsfulltrúar, 5 umsjónarkennarar, 5 list-og verkgreinakennarar, 1 ritari, 1 skólastjóri, 1 starfsmaður bókasafns.

Starfsmenn leikskóladeildar.

Starfsmenn eru 10, 2 stuðningsfulltrúar, 2 deildarstjórar, 4 almennir starfsmenn á deild, 1 aðstoðarskólastjóri, 1 starfsmaður við móttöku í eldhúsi/afleysingar inn á deildum, yngri deild 12 börn fædd 2022-2024, eldri deild 17 börn fædd 2020-2022, tveir starfsmenn í fæðingarorlofi.

6. 2408042 - Málefni íþrótta- og æskulýðsmála

Stefán Guðjónsson, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar og íþrótta- og æskulýðsfulltrúi gerði grein fyrir íþrótta- og æskulýðsstarfi. Greindi hann meðal annars frá því að íþróttastarf hafi farið vel af stað. Mæting hefur verið góð í flestar greinar. Karate-námskeið var haldið um mánaðarmótin október/nóvember með góðum árangri, og í nóvembermánuði er stefnt að klifurnámskeiði. Leiðbeinendur á klifurnámskeiðinu hafa tekið út aðstöðuna og hafa lýst yfir ánægju með aðstöðu og búnað. Tólf konur hafa skráð sig og eru byrjaðar í líkamsræktarþjálfun á vegum Ungmennafélagsins og Katarzyna Korolczuk, góð mæting er í knattspyrnu hjá fullorðnum, og iðkendur eru búnir að kveikja á því að nýta sér nú heitu pottana eftir æfingar. Boccia fyrir 60+ gengur vel, bæði í Íþróttamiðstöð og á Klausturhólum. Sundlaugin er nú komin í gott horf eftir brösuga opnun eftir sandsfúskipti.

7. 2505017 - Viðburðir sem framundan eru í íþrótta- og æskulýðsstarfi

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi gerði grein fyrir málinu. Í nóvember stendur til að halda klifurnámskeið í íþróttasalnum með aðkomu vottaðra leiðbeinenda. Átakið Syndum um Ísland er hafið, og sótt hefur verið um styrki til ÍSÍ vegna fyrirlesara um heilsueflingu og tveggja þjálfaranámskeiða. Regluleg starfsemi heldur áfram með góðri mætingu í öllum aldurshópum.

AMB

KE

Shi

BS

24 GP



8. 2311028 - Ungmennaráð Skaftárhrepps

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi gerði grein fyrir starfi Ungmennaráðs Skaftárhrepps. Næsti fundur Ungmennaráðs verður haldinn í dag, þriðjudaginn 11. nóvember. Tveir fulltrúar ráðsins munu sækja ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um ungmennaráð, 5. desember sem haldin verður í Reykjavík. Ráðið mun leggja áherslu á lýðræðislega þátttöku ungs fólks og samvinnu við skólann og félagsmiðstöðina.

10. 2511001 - Málefni Tónlistarskóla Skaftárhrepps

Svavar Sigurðsson, skólastjóri Tónlistarskóla Skaftárhrepps, gerði grein fyrir málinu. Hann greindi meðal annars frá því að 22 nemendur stunduðu nám við Tónlistarskólann nú á haustönn, 13 í fullu námi og 9 í hálfu námi. Svavar greindi frá skýrslu Arcur Niðurstöður úttektar á starfsemi tónlistarskóla á Íslandi, unnin af ARCUR fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið sem kynnt var á svæðisþingi nýverið.

11. 2511005 - Gjaldskrá Tónlistarskóla Skaftárhrepps

Lögð fram ný gjaldskrá fyrir Tónlistarskóla Skaftárhrepps.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Gjaldskráin er til einföldunar og inniheldur systkinaafslátt. Velferðarráð samþykkir framlagða gjaldskrá fyrir Tónlistarskólann og vísar henni til staðfestingar í sveitarstjórn.

12. 2511004 - Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar

Lögð fram gjaldskrá fyrir Íþróttamiðstöð.

Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar gerði grein fyrir málinu. Velferðarráð samþykkir framlagða gjaldskrá fyrir Íþróttamiðstöð og vísar henni til staðfestingar í sveitarstjórn.

13. 2511002 - Gjaldskrá Félagsheimilisins Kirkjuhvols

Lögð fram gjaldskrá fyrir Félagsheimilið Kirkjuhvol

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Velferðarráð frestar málinu.

14. 2511003 - Gjaldskrá leikskóladeildar

Lögð fram ný gjaldskrá fyrir leikskóladeild.

Skólastjóri gerði grein fyrir málinu. Velferðarráð samþykkir framlagða gjaldskrá með áföllnum breytingum, fyrir leikskóladeild og vísar henni til staðfestingar í sveitarstjórn.

AMB
KE
Sni.
BD
25 GRS




15. 2511007 - Gjaldskrá mötuneytis vegna grunnskóladeildar

Lagt fram bréf, dagsett 3. nóvember 2025 frá sveitarstjóra fyrir hönd sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Með bréfi sveitarstjóra fylgja drög af gjaldskrá mötuneytis sem sveitarstjórn vísar til Velferðarráðs.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Velferðarráð samþykkir framlagða gjaldskrá með breytingum og vísar henni til staðfestingar í sveitarstjórn.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 17:14


Bergur Sigfússon


Arnfríður Sædis Jóhannesdóttir


Gunnar Pétur Sigmarsson


Jón Geir Ólafsson


Auður Eyþórsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson


Anna Magdalena Buda